



Alþýðusamband Íslands

Inngangur

Það eru erfið ár framundan. Samkvæmt nýrri spá hagdeildar ASÍ sem hér er birt verður samdrátturinn í þjóðarbúskapnum meiri en dæmi eru um. Það er sama hvar borið er niður, samdráttur blasir við; í landsframleiðslunni, einkaneyslunni, samneyslunni og fjárfestingum. Á sama tíma lækkar kaupmáttur mikið og atvinnuleysi eykst. Það er því dökk mynd sem blasir við.

Það eru ekki til neinar töfralausnir á þeim vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir en það skiptir miklu máli að takast strax á við erfiðleikana og vinna sig út úr þeim með markvissum hætti til þess að grafa ekki undan velferðarkerfinu og rýra lífskjör til framtíðar. Við megum ekki gleyma því að þótt á móti blási um stund, þá búum við yfir miklum mannauði og auðlindum sem standa óhögguð. Við eigum fiskinn í sjónum, orkuna í fallvötnunum og jarðvarmanum og síðast en ekki síst vel menntaða, unga þjóð. Við höfum því alla burði til að vinna okkur út úr vandanum á skömmum tíma.

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa ákveðið að snúa bökum saman í viðleitni sinni til að byggja upp efnahagslífið að nýju. Í lok júní var gengið frá stöðugleikasáttmála um endurreisn íslensks efnahagslífs milli ríkistjórnarinnar, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Samhliða gerð sáttmálans sameinuðust aðilar vinnumarkaðarins um að eyða óvissu á vinnumarkaði með því að ljúka gerð kjarasamninga sem gilda til nóvemberloka árið 2010, þar sem áhersla er lögð á að styrkja stöðu þeirra tekjulægstu.

Stöðugleikasáttmálanum er ætlað að skapa skilyrði til þess að byggja upp efnahagslífið að nýju, fjölga störfum og leggja grunn að bættum lífskjörum til framtíðar. Í þeim óhjákvæmilegu aðhaldsaðgerðum sem framundan eru hjá hinu opinbera eru aðilar sammála um að verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf eins og aðstæður frekast leyfa.

Markmið sáttmálans er að í árslok 2010 hafi verið stigin marktæk skref til þess að uppfylla Maastricht skilyrðin, þannig að verðbólgan verði ekki meiri en 2,5%, halli hins opinbera ekki meiri en 10,5% af landsframleiðslu, vextir hafi lækkað umtalsvert og gengi krónunnar styrkst og verði nálægt langtímajafnvægisgildi sínu.

Tíminn mun leiða í ljós hversu hratt okkur tekst að vinna okkur út úr vandanum. Stöðugleikasáttmálanum er í raun ætlað tvíþætt hlutverk; annars vegar að koma með lausnir á ákveðnum brýnum úrlausnarefnum og hins vegar að auka tiltrú og traust á efnahagslífinu. Í spánni er tekið tillit til þeirra tillagna og áætlana sem liggja til grundvallar

sáttmálanum, s.s. áætlunar í ríkisfjármálum, atvinnuskapandi aðgerða, o.fl. Það er hins vegar erfiðara að byggja inn í reiknilíkön hagfræðinnar hvernig okkur tekst að efla tiltrú og traust á efnahagslífið en það er forsenda þess að okkur takist að ná tökum á gengi krónunnar og lækka vexti sem aftur er forsenda þess að við getum byggt upp atvinnulífið og fjölgað störfum. Takist okkur að auka trúverðugleika hagkerfisins eins og að er stefnt mun endurreisnin ganga hraðar en spáin gerir ráð fyrir. Áhrifin munu þá birtast í jákvæðari horfum á síðari hluta spátímans.

Erfið ár framundan

Nú gengur yfir mesta samdráttarskeið í íslensku efnahagslífi á síðari tímum. Framundan eru tvö erfið ár þar sem landsframleiðsla dregst mikið saman og lífskjör rýrna. Staða heimilanna er þröng, ráðstöfunartekjur lækka og atvinnuástand er afar slæmt. Útlit er fyrir að atvinnuleysi verði 9-10% næstu misserin þótt heldur dragi úr þegar líða tekur á spátímabilið. Háir vextir, veik króna, takmarkað aðgengi að lánsfé og minnkandi eftirspurn gerir rekstrarskilyrði fyrirtækja erfið. Þungar vaxtagreiðslur, vaxandi útgjöld vegna atvinnuleysis og samdráttur í tekjum valda verulegum hallarekstri hjá hinu opinbera á næstu árum. Til þess að ná sem fyrst jöfnuði á ný í rekstri ríkis og sveitarfélaga er óumflýjanlegt að auka skatttekjur og draga umtalsvert úr útgjöldum hins opinbera.

Verðbólga hjaðnar og verður komin í 4% í árslok en nær lágmarki á öðrum ársfjórðungi 2010 og verður þá um 0,3%. Gengi krónunnar verður stöðugra en helst áfram veikt þótt það styrkist nokkuð þegar líður á spátímamann.

Seðlabankinn heldur áfram að lækka stýrivexti þegar skýr merki sjást um að tekist hafi að endurvekja traust á íslenskt efnahagslíf. Hann mun þá jafnframt létta á gjaldeyrishöftum í áföngum.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	2007	Áætlun 2008	Spá 2009	Spá 2010	Spá 2011	Spá 2012	Spá 2013
Einkaneysla	5,6	-7,7	-26,3	-4,0	6,7	5,0	3,8
Samneysla	4,2	2,8	-1,6	-4,6	-4,8	-2,0	-2,0
Fjármunamyndun	-12,8	-21,8	-49,9	34,4	6,2	-16,8	2,3
þar af atvinnuvegir	-24,5	-27,2	-56,2	82,9	10,0	-22,0	2,4
þar af húsnæði	13,2	-23,1	-47,8	-10,7	7,8	-3,6	3,8
þar af hið opinbera	19,2	1,6	-31,4	-25,7	-14,9	0,0	0,0
Þjódarútgjöld	-0,6	-9,3	-25,4	1,0	3,4	-1,3	2,0
Útflutningur	17,7	7,1	1,2	-1,6	4,0	2,5	2,1
Innflutningur	-1,0	-18,0	-37,1	2,4	14,6	-3,2	2,7
Landsframleiðsla	5,5	0,3	-10,2	-1,1	0,5	1,0	1,9
Verðbólga ¹	5,0	12,4	11,4	1,4	3,9	1,2	1,4
Atvinnuleysi ²	1,0	1,6	9,4	10,4	8,2	7,7	7,0
Gengisvísitala ³	118,3	166,2	208,6	194,0	187,3	185,0	185,0
Viðskiptajöfnuður ⁴	-20,3	-42,7	-4,5	-2,6	-2,7	3,5	5,2

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu

Horfur eru víðast hvar slæmar í heiminum og hafa versnað hratt á síðustu mánuðum. Allt stefnir í að samdrátturinn í heiminum verði sá mesti frá lokum síðari heimstyrjaldar. Þröng staða á erlendum mörkuðum mun því torvelda endurreisn íslensk efnahagslífs enn frekar og draga hana á langinn.

Samkvæmt bráðabirgðatölum jókst landsframleiðsla lítillega í fyrra eða um 0,3% en var þegar farin að dragast saman fyrir hrún bankanna á síðari hluta árs 2008. Samdrátturinn jókst verulega eftir fallið í haust og hefur aukist stöðugt síðan. Hagdeildin spáir ríflega 10% samdrætti í landsframleiðslu í ár og áframhaldandi samdrætti á fyrri hluta árs 2010 en að

botninum verði náð á öðrum ársfjórðungi það ár og efnahagslífið byrji að rétta úr kútnum í framhaldinu. Í heildina dregst landsframleiðsla saman um 1,1% árið 2010 en lítilsháttar hagvöxtur verður 2011 eða um 0,5% og um 1% vöxtur árið 2012.

Í spánni er gert ráð fyrir að efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði fylgt og afgangur verði af rekstri hins opinbera árið 2013. Til að ná því markmiði verði skorið niður í opinberum útgjöldum og skattar hækkaðir.

Spáin byggir á þeirri forsendu að traust skapist á aðgerðir stjórnvalda til enduruppbyggingar efnahagslífsins sem treysti stöðu okkar á alþjóðavettvangi. Takist það ekki er veruleg hættu á að kreppan verði dýpri og langvinnari og það taki mörg ár að koma okkur aftur á réttan kjöl.


Þröng staða heimilanna

Staða heimilanna hefur versnað verulega síðastliðið ár. Vaxandi greiðslubyrgði af gengis- og verðtryggðum lánnum, verðhækkanir á vörum og þjónustu samhliða tekjuskerðingu margra heimila vegna atvinnuleysis, minna starfshlutfalls og launalækkana, veldur vanda í fjárhag margra heimila. Þessu til viðbótar er lánsfjármagn dýrt og erfitt um vik að fá lán. Þær tekjur sem heimilin hafa til ráðstöfunar til neyslu hafa því dregist mikið saman og útlit fyrir að sú þróun haldi áfram næstu tvö árin.

Heimilin drógu saman neyslu sína strax á öðrum ársfjórðungi í fyrra, í kjölfar gengisfalls krónunnar í mars en eftir bankahrunið í haust dróst einkaneyslan harkalega saman. Í heildina dróst

einkaneyslan saman um 7,7% í fyrra og hafði ekki dregist jafn hratt saman síðan árið 1975. Í ár er útlit fyrir að einkaneyslan dragist enn meira saman eða um ríflega 26% og á næsta ári um 4% en þá gerum við ráð fyrir að botninum verði náð og einkaneysla taki við sér á ný undir lok ársins. Á árinu 2011 vex einkaneysla á ný, um tæp 7% og heldur áfram að vaxa árið eftir þótt heldur hægi á.

Endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði átti að fara fram í febrúar síðastliðinn en vegna mikillar óvissu í stjórnámálum og yfirvofandi kosninga var endurskoðuninni frestað fram í júní. Lokið var við endurskoðunina í lok júní samhliða gerð stöðugleikasáttmála. Með því var óvissu á vinnumarkaði eytt og samningar tryggðir til nóvemberloka 2010. Samningurinn miðar einkum að því að styrkja stöðu þeirra tekjulægstu.



Verðlag hefur undanfarið ár hækkað langt umfram laun og rýrnaði kaupmáttur launa um 3,7% í fyrra og hafði þá ekki lækkað jafn mikið á einu ári frá því 1990. Það sem af er ári hefur þessi þróun haldið áfram og á síðustu tólf mánuðum hefur kaupmáttur rýrnað um 6,8% og er nú svipaður og árið 2003. Þröng staða á vinnumarkaði á næstu árum mun veita takmarkað svigrúm til launahækkana. Hagdeildin áætlar að kaupmáttur launa rýrni um ríflega 7% á yfirstandandi ári en aukist lítillega á næstu tveimur árum eða um tæpt 1% á ári.


Þrátt fyrir að kaupmáttur launa aukist á ný þegar verðbólga gengur niður, munu auknar skattaálögur, skerðing ýmissa bóta og mikið atvinnuleysi draga úr ráðstöfunartekjum heimillanna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna drógust saman um 7,5% í fyrra og mun sú þróun halda áfram næstu tvö árin sem endurspeglast í minnkandi einkaneyslu.

Ná þarf jafnvægi í opinberum rekstri

Skuldir ríkissjóðs jukust verulega í kjölfar bankahrunsins en talsverð óvissa hefur hins vegar ríkt um skuldastöðuna til þessa. Með nýgerðum samningi um Icesave-reikningana hefur töluverðri óvissu verið eytt um stöðu ríkissjóðs en út af stendur að meta lánsfjárþörf vegna endurfjármögnunar á bönkunum sem áætlað er að ljúka um miðjan júlí.

Fyrirséð er að á næstu árum munu tekjur hins opinbera ekki standa undir útgjöldum og

ríkið og mörg sveitarfélög verða rekin með halla. Þessu veldur mikill samdráttur í skatttekjum samhliða auknum útgjöldum, einkum vegna hárra vaxtagreiðslna og aukins atvinnuleysis. Stjórnvöld hafa í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) gert áætlun um hvernig komið verði á jafnvægi í rekstri hins opinbera á næstu árum og fyrir liggur að hækka þarf skatta, skera niður í rekstri, draga úr tilfærslum, m.a. bótum almannatrygginga, og fresta fyrirhuguðum framkvæmdum.



Mikilvægt er að tryggja sem fyrst jöfnuð í rekstri hins opinbera. Langvarandi hallarekstur, sem fjármagna þarf með lánsfé, leiðir til þess að sífellt stærri hluti af tekjum hins opinbera fer til greiðslu vaxta og svigrúm til annarra þátta, s.s. reksturs velferðar- heilbrigðis- og menntakerfisins, minnkar. Efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS gerir ráð fyrir að jöfnuði verði ná í rekstri ríkissjóðs strax á árinu 2011 þegar undan eru skilin vaxtatekjur og vaxtagjöld (frumjöfnuður) og að heildartekjuafgangur verði á árinu 2013.

Tekjufnfundur, fjármagnsfnfundur og frumjnfundur

Tekjufnfundur: Allar tekjur ríkissjóðs að frádregnum öllum gjöldum

Fjármagnsfnfundur: Vaxtatekjur af eignum að frádregnum vaxtagreiðslum af skuldum

Frumjnfundur: Tekjufnfundur að frádregnum fjármagnsfnfundi

Til þess að þetta gangi eftir þarf að minnka halla ríkissjóðs um samtals 179 milljarða króna fram til ársins 2013. Þegar hafa verið samþykktar á Alþingi aðgerðir til þess að bæta afkomu ríkissjóðs um 22 milljarða á þessu ári. Þetta verður gert með því að auka tekjur um 13 milljarða, m.a. með hækkun á tryggingagjaldi, virðisaukaskatti og tekjuskatti á háar tekjur og skera niður útgjöld um 9 milljarða, m.a. með lækkun almannatrygginga, aðhaldi í rekstri og niðurskurði í framkvæmdum. Á árunum 2010 til 2013 þarf því að draga úr halla ríkissjóðs um 157 milljarða til viðbótar og áætlað er að þunginn í þeirri aðlögun verði mestur á árunum 2010 og 2011 en meiri óvissa ríkir um árin 2012 og 2013. Samkvæmt stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins verða á haustþingi lagðar fram nákvæmar útfærslur á frekari aðgerðum til þess að auka tekjur og draga úr útgjöldum á næstu tveimur árum og er þar miðað við að auknar skatttekjur verði ekki stærri hluti en 45% af aðlöguninni á tímabilinu 2009-2011, eða um 60 milljarðar króna. Áætlað er að tekjuskattar einstaklinga verði hækkaðir um áramótin auk þess sem ýmsar aðrar breytingar á sköttum eru til skoðunar, þar á meðal hækkun á virðisaukaskatti og öðrum neyslusköttum. Fyrir liggur að halli af þeirri stærðargráðu sem um ræðir verður ekki leiðréttur nema það komi við alla þætti opinbers rekstrar en áhersla verður þó lögð á að hlífa sem kostur er viðkvæmustu þáttum velferðarþjónustunnar. Til þess að setja niðurskurðarþörf næstu ára í samhengi má nefna að samkvæmt áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum nema heildarútgjöld ríkisins í ár um 575 milljörðum og heildartekjur 398 milljörðum.

Sveitarfélögin fara ekki varhluta af erfiðri stöðu efnahagsmála. Tekjur sveitarfélaganna eru að megninu til útsvarstekjur sem hafa dregist mikið saman vegna slæms atvinnuástands á sama tíma og útgjöld hafa aukist m.a. til félagslegrar aðstoðar til þeirra sem missa atvinnuna en eiga ekki bótarétt hjá atvinnuleysistryggingasjóði. Þar að auki eru mörg sveitarfélög mjög skuldsett í erlendri mynt og hefur fjármagnskostnaður þeirra margfaldast vegna veikari stöðu krónunnar. Sveitarfélögin hófu mörg hagræðingaraðgerðir hjá sér þegar sl. haust þegar ljóst var í hvað stefndi en vænta má þess að áfram verði skorið niður í rekstri og álgur hækkaðar á komandi mánuðum.

Sú erfiða staða sem uppi er í opinberum fjármálum endurspeglast í miklum samdrætti í samneysluútgjöldum á öllu spátímabilinu. Hagdeildin áætlar að samneyslan dragist saman um 1,6% í ár og um 4,6% á næsta ári. Á árinu 2010 dregst samneyslan enn saman um 4,8% og um 2% á árinu 2012.


Samneysluútgjöld hins opinbera á mann hafa vaxið um 2% á ári síðan árið 2000. Ef sú spá sem hér er sett fram um samdrátt í samneysluútgjöldum á næstu árum gengur eftir verða samneysluútgjöld á mann undir lok spátímabilsins svipuð og þau voru árið 2000.

Fjárfestingar dragast hratt saman

Undir lok stóriðjuframkæmda á Austurlandi drógust fjárfestingar nokkuð saman á árinu 2007 og enn meira á árinu 2008, eða um ríflega fimmtung. Útlit er fyrir mikinn áframhaldandi samdrátt í fjárfestingum næstu misserin. Háir vextir og þröng lánaskilyrði ásamt takmörkuðu aðgengi að erlendu lánsfé ráða hér mestu. Við þetta bætist mikill niðurskurður hjá hinu opinbera og samdráttur í byggingariðnaði.

Heildarfjárfestingar saman standa af fjárfestingum til atvinnuvega, fjárfestingum í íbúðarhúsnæði og fjárfestingum ríkis og sveitarfélaga. Samantekið gerum við ráð fyrir helmings samdrætti í fjárfestingum á þessu ári en aukningu um ríflega þriðjung á árinu 2010 þegar vextir hafa lækkað og það liðkar til á lánsfjármarkaði. Talsverðar sveiflur eru í heildarfjárfestingum á tímabilinu sem ræðst að mestu af miklum sveiflum í stóriðjuframkvæmdum.

Það er ekki óeðlilegt að fjárfestingar dragist tíma-bundið saman þegar stórum framkvæmdum lýkur en samdráttur í fjárfestingum



mörg ár í röð er hins vegar áhyggjuefni. Fjárfestingar endurspeglar í raun það fé sem lagt er til hliðar í formi sparnaðar og kemur til með að auka framleiðsluna í hagkerfinu og þar með verðmætasköpun til framtíðar. Án nægilegra fjárfestinga dregur smátt og smátt úr framleiðslugetu þjóðarþúsins, verðmætasköpun minnkar og líf skjör rýrna. Þess vegna er brýnt að fá fjármagn inn í atvinnulífið og auka fjárfestingar.

Litlar fjárfestingar atvinnuvega utan stóriðjuframkæmda

Staða margra fyrirtækja er erfið og svigrúm til nýrra fjárfestinga lítið. Útlánsvextir eru háir, lánakjör kröpp og hækkun á greiðslubyrði gengis- og verðtryggðra lána íþyngir rekstrinum, einkum hjá þeim fyrirtækjum sem hafa eingöngu tekjur í íslenskum krónum. Ýmsum fyrirhuguðum verkefnum hefur verið slegið á frest vegna fjármögnunarerfiðleika eða slæmra lánskjara sem gera það að verkum að þau reynast ekki lengur arðbær. Þar til vextir taka að lækka gerum við ráð fyrir litlum fjárfestingum í atvinnulífinu.

Í spánni er þó gert ráð fyrir að framkvæmdir við fyrsta áfanga álvers í Helgavík fari á fullt skrið á þessu ári og að hafist verði handa við endurnýjun á álverinu í Straumsvík ásamt framkvæmdum við tengd raforkuver. Áætlað er að afkastageta fyrsta áfanga álversins í

Helguvík verði 90 þúsund tonn og endurnýjunarinnar í Straumsvík 45 þúsund tonn og að framleiðsla hefjist í báðum verksmiðjunum á síðari hluta árs 2011. Mikil óvissa ríkir um fjármögnun þessara verkefna en framkvæmdir eru þegar hafnar við álverið í Helguvík en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um endurnýjun í Straumsvík.

Fjárfestingar atvinnuveganna drógust saman um rúm 27% í fyrra. Það sem af er þessu ári hefur atvinnuvegafjárfesting dregist snarpt saman og gerum við ráð fyrir samdrætti um 56% á milli ár. Hámark stóriðjuframkvæmda í Helguvík og Straumsvík er áætlað á næsta ári og þá gerum við ráð fyrir ríflega 80% vexti í fjárfestingum atvinnuveganna og áframhaldandi 10% vexti árið 2010. Þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur árið 2012 gerum við ráð fyrir fimmtungs samdrætti í fjárfestingum atvinnuveganna þrátt fyrir mikla aukningu í almennum fjárfestingum atvinnulífsins öðrum en stóriðju fjárfestingum.

Íbúðaverð lækkar áfram

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um tæpan fjórðung í fyrra en þá hafði íbúðafjárfesting ekki dregist saman á milli ára síðan 1997. Áframhaldandi mikill samdráttur er framundan í byggingariðnaði.

Í uppsveiflu undanfarinna ára var íbúðafjárfesting langt umfram þörf markaðarins og framboðið á nýju íbúðarhúsnæði því umtalsvert. Áætlað er að birgðir óseldra íbúða séu nú um 4.400 íbúðir og hafa þær ríflega tvöfaldast frá því að best lét á fasteignamarkaði á haustmánuðum 2007. Þessu til viðbótar eru vextir háir, ráðstöfunartekjur fara lakkandi og óvissa er mikil í efnahagslífinu, sem allt eru þættir sem draga úr eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði. Samspil mikils framboðs og minnkandi eftirspurnar endurspeglast í verðþróun íbúðarhúsnæðis, en íbúðaverð hefur lækkað um tæplega 13% að nafnverði frá því það náði hámarki haustið 2007 eða um tæp 28% að raunvirði. Íbúðaverð mun áfram lækka á næstu misserum og spáir hagdeildin því að raunverð íbúðarhúsnæðis lækki um tæp 40% frá því sem það var hæst árið 2007 og þar til það lágmarkinu verður náð í upphafi árs 2011.

Við gerum ráð fyrir því að fjárfestingar í nýju íbúðarhúsnæði dragist saman um tæpan helming á þessu ári og enn um tæp 11% á næsta ári. Árið 2011 aukast íbúðafjárfestingar á ný og vaxa þá um tæp 8% en útlit er fyrir lítilsháttar samdrátt á árinu 2012.

Niðurskurður í opinberum fjárfestingum

Fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga hafa verið miklar á undanförunum árum þótt mjög hafi dregið úr í fyrra. Vaxandi aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga í kjölfar bankahrunsins setur svip sinn á fjárfestingar þeirra í ár og fyrstu þrjú mánuði ársins nam samdrátturinn um 38% frá sama tíma í fyrra. Ræður þar mestu harkalegur niðurskurður í fjárfestingum sveitarfélaganna.

Fyrirséð er stóraukið aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga á næstu árum og verulegur samdráttur í fjárfestingaútgjöldum þessara aðila. Dregið verður úr fyrirhuguðum framkvæmdum ríkisins um 4,4 milljarða á þessu ári og þar af er 3,5 ma.kr. vegna vegafframkvæmda. Á næsta ári er áætlað að draga úr fjárfestingum um 10 milljarða sem einnig er að mestu samdráttur í framkvæmdum í samgöngukerfinu. Horfur eru á að

sveitarfélögin slái einnig á frest öllum framkvæmdum sem geti beðið til að ná endum saman í rekstrinum.


Til að halda uppi fjárfestingarstigi og auka atvinnu hefur verið rætt að fjármagna framkvæmdir sem voru fyrirhugaðar hjá hinu opinbera með öðrum hætti en í gegnum opinbera sjóði, t.d. með aðkomu lífeyrissjóðanna. Ef af verður koma þau verkefni fram í fjárfestingum atvinnuveganna en ekki í fjárfestingum hins opinbera. Í þessari spá er gert ráð fyrir að nokkrar arðsamar framkvæmdir verði fjármagnaðar með þessum hætti.

Hagdeildin spáir því að fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga dragist saman í ár um ríflega þriðjung, um ríflega fjórðung á næsta ári og 15% á árinu 2011 en haldist síðan óbreyttar á árinu 2012.

Útflutningur eykst

Útflutningur á vörum og þjónustu jókst um ríflega 7% í fyrra sem skýrist að mestu af auknum álútflutningi, en álframleiðsla jókst um 80% í fyrra þegar álverð við Reyðarfjörð náði fullum afköstum. Aðstæður á erlendum mörkuðum versnuðu í vetur í kjölfar efnahagssamdráttar um heim allan og eftirspurn dróst hratt saman. Þetta endurspeglast í

fallandi verði á helstur útflutningsvörum okkar, áli og sjávarafurðum. Álverð í erlendri mynt hefur lækkað um helming frá því það var hæst í fyrra og sömuleiðis hefur verð sjávarafurða í erlendri mynt lækkað um tæpan fimmting. Gengisfall krónunnar vegur upp lágt verð í erlendri mynt og hefur verð á sjávarafurðum t.a.m. hækkað um tæpan þriðjung í krónum talið á síðustu 12 mánuðum. Staða útflutningsfyrirtækjanna hefur því vænkast nokkuð og samkeppnisstaða þeirra batnað og útflutningur haldið áfram að aukast það sem af er þessu ári.



Staðan á alþjóðamörkuðum verður áfram erfið í ár og stefnir í að heimsviðskipti dragist saman um 13% á árinu og þar af er gert ráð fyrir að innflutningur helstu viðskiptalanda Íslands dragist saman um 11%. Vonir standa til þess að botninum verði náð um mitt næsta ár og eftirspurn vaxi á ný eftir það en talsverð óvissar ríkir um þróun á alþjóðamörkuðum á næstu misserum.

Hagdeildin spáir því að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 1,2% í ár en dragist saman um 1,6% á næsta ári þegar krónan styrkist á ný. Árið 2011 þegar framleiðsla álvers í Helguvík og frá endurnýjaðri verksmiðju í Straumsvík kemst á fullt þá eykst útflutningur um 4% og um 2,5% árið 2012.

Snarpur samdráttur í innflutningi

Innflutningur minnkaði mikið eftir bankahrunið sl. haust og dróst í heildina saman um tæpan fimmtung í fyrra. Minnkandi neysla heimilanna og samdráttur í fjárfestingum veldur því að innflutningur dregst saman um 37% í ár en við gerum ráð fyrir lítilsháttar aukningu árið 2010 vegna innflutnings á fjárfestingarvörum til framkvæmda í Helguvík og Straumsvík. Innflutningur eykst síðan verulega árið 2011 þegar einkaneysla og fjárfestingar taka við sér á ný og spáum við um 14% aukningu það ár. Við lok stóriðjuframkvæmda árið 2012 dregur lítillega úr innflutningi á ný.


Viðskiptahallinn lækkar hratt

Viðskiptahallinn náði nýju hámarki í fyrra en þá mældist hann ríflega 42%. Hallinn fer nú hratt minnkandi og viðsnúningur verður á spátímabilinu. Viðskiptajöfnuðurinn samanstendur af vöru- og þjónustujöfnuði og þáttatekujöfnuði. Mikil samdráttur í innflutningi og vaxandi útflutningur leiðir til þess að vöru- og þjónustujöfnuðurinn er nú þegar orðin jákvæður en mikil óvissa ríkir hins vegar um þróun vaxtagreiðslna af erlendum lánnum, sem hafa neikvæð áhrif á þáttatekujöfnuðinn. Hér er gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur af erlendum lánnum fari lækkandi þegar líður á spátímann og að afgangur verði af viðskiptum við útlönd á árinu 2012. Það verði því orðin afgangur af viðskiptum við útlönd í lok tímabilsins.

Krónan áfram veik

Þrátt fyrir gjaldeyrishöft og skilaskyldu á gjaldeyri hefur krónan ekki styrkst eins og vonir stóðu til. Gengisvísitalan var 250 stig þegar krónan var veikust í desember sl. og stóð í

júnílok í um 230 stigum. Lítil viðskipti eru á gjaldeyris-markaði og gengið viðkvæmt. Mikil óvissa ríkir um þróun gengisins á næstu misserum og ræðst hún að miklu leyti af því hvernig gengur að semja við eigendur íslenskra verðbréfa og innistæðna sem urðu innlyksa með fjármagn sitt við setningu gjaldeyrishaftanna. Talið er



að um 200 - 300 milljarðar króna séu í eigu erlendra aðila sem vilji flytja eignir sínar úr landi við fyrsta tækifæri. Á meðan ekki hafa verið gerðar ráðstafanir varðandi þessa fjármuni verður ekki hægt að aflétta gjaldeyrishöftum án þess að það veiki gengi krónunnar verulega. Samkvæmt stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda er stefnt að því að eigi síðar en 1. ágúst n.k. liggi fyrir áætlun um það með hvaða hætti höftum

verður létt af gjaldeyrisviðskiptum og stefnt að því að fyrir 1. nóvember hafi fyrstu skerf í þá átt verið stigin.

Til viðbótar við veika stöðu krónunnar bætist að stærstu gjaldmiðlar heims, bandaríkjadalur, evra og japanskt jen hafa styrkst nokkuð að undanfögnu og veikt stöðu okkar enn frekar. Talið er líklegt að staða stórra gjaldmiðla muni enn styrkjast á kostnað minni mynta fram á næsta ár eða þar til hagkerfi heimsins fara að rétta úr kútnum og traust fjárfesta eykst á ný.

Við gerum ráð fyrir að krónan verði áfram veik og töluvert veikari en áður var áætlað. Spá okkar miðar við að gengið verði að meðaltali um 209 stig í ár en styrkist nokkuð á næstu tveimur árum og verði um 185 stig undir lok spátímans.


Forsenda þess að þetta gangi eftir er að það takist að skapa traust á ný á íslensku efnahagslífi og aðgerðum stjórnvalda til endurreisnar á efnahagslífinu.

Vaxtastig áfram hátt

Seðlabankinn hefur tímabundið fallið frá meginmarkmiði sínu, sem er að halda verðlagi stöðugu og einbeitt sér nú að því að halda gengi krónunnar stöðugu. Helsta tækið sem bankinn hefur til þess eru stýrivextir. Við núverandi aðstæður er horfur á því að stýrivextir verði áfram háir um sinn. Ástæður þess eru að gengi krónunnar er enn of lágt og verðbólga hjaðnar hægar en vonir stöðu til. Stýrivextir eru nú 12% og hafa lækkað um 6 prósentustig frá þeir voru hæstir í vetur. Vaxtaþróun næstu mánaða ræðst af þróun gengisins og því hvernig stjórnvöldum gengur að auka tiltrú á íslenskt hagkerfi m.a. með því að framfylgja áætlun í ríkisfjármálum og endurfjármagna bankana. Takist stjórnvöldum að koma þessum aðgerðum áleiðis má vænta þess að vextir lækki þegar liða tekur á árið.

Verðbólga hjaðnar

Verðbólga jókst hratt í kjölfar falls krónunnar sl. haust. Hún fór hæst í 18,6% í janúar en hjaðnaði nokkuð hratt eftir það og var komin í 12,2% í júní. Verðlag hefur hjaðnað nokkuð hægar en gert var ráð fyrir í febrúar og teljum við nú minni líkur á tímabundinni verðhjöðnun á næsta ári eins og þá stefndi í. Þróun verðlags er nátengd breytingum á gengi krónunnar og skattlagningu á vörum og þjónustu. Veikara gengi ásamt hækkun á neyslusköttum hægir á hjöðnuninni. Á móti kemur að íbúðaverð fer lækkandi og almenn eftirspurn minnkar hratt sem hvor tveggja dregur úr verðbólgu. Dregið hefur úr verðbólgu erlendis að undanfögnu og horfur eru á að innkaupsverð innfluttra




vara í erlendri mynt haldist nokkuð stöðugt fram á mitt næsta ár. Við áætlum að verðbólga verði að meðaltali 11,4% í ár og gangi sú spá eftir verður hún komin niður undir 4% í árslok. Verðbólga nær lágmarki á öðrum ársfjórðungi 2010 og litlar breytingar verða á verðlagi milli áráanna 2009 og 2010 eða um á 1,4%. Verðbólga tekur að aukast á ný á árinu 2011 þegar efnahagslífið tekur við sér og verður að meðaltali 3,9% það ár. Á árinu 2012 gerum við ráð fyrir hóflegri hækkun verðlags eða um 1,5%.

Erfið staða á vinnumarkaði

Atvinnuleysi jókst snögglega í kjölfar bankahrunsins í haust og fór úr 1,3% í september í 4,8% í desember. Atvinnulausum fjölgaði áfram hratt á fyrri hluta ársins og náði atvinnuleysið hámarki 9,1% í apríl sem jafngildir því að um 17.000 manns hafi verið án atvinnu. Þetta er mun meira atvinnuleysi en áður

hefur þekkst á íslenskum vinnumarkaði. Eins og búist var við dró heldur úr atvinnuleysi í maí þegar árstíðarbundnum störfum t.d. við viðhald og ferðapjónustu fjölgaði. Ríflega 14.500 manns voru án atvinnu í mánuðinum eða 8,7% mannaflans. Þróunin í vor og sumar er nokkuð framur vonum og



svo virðist sem skólafólki hafi gengið betur að fá vinnu en reiknað var með. Auk þess brugðust háskólarnir við yfirvofandi atvinnuleysi meðal námsmanna með því að bjóða sumarnámskeið sem hefur án efa létt þrýstingi af vinnumarkaðnum. Atvinnuleysi minnkar að öllu jöfnu yfir vor- og sumarmánuðina en eykst á ný á haustmánuðum. Það má því búast við að atvinnuleysi aukist á ný þegar líður að hausti.

Staðan á vinnumarkaði er nokkuð misjöfn eftir atvinnugreinum og landshlutum. Einna verst er staðan í byggingariðnaði þar sem ríflega 3.200 manns voru án atvinnu í maí sem áætla má að sé um fimmtungur vinnuafis í greininni. Atvinnuleysi hefur á undanförunum mánuðum verið mest á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra en minnst á Vestfjörðum.

Atvinnuleysi er nú talsvert meira meðal karla en kvenna sem skýrist m.a. af miklu atvinnuleysi í byggingariðnaði. Þróun síðustu mánaða gefur til kynna að nú dragi saman með kynjunum þar sem körlum hefur fækkað á atvinnuleysisskrá á meðan konum fjölgar. Búast má við því að atvinnuleysi aukist í ýmsum þjónustugreinum á næstu mánuðum þar sem konur eru fjölmennar.

Það veldur áhyggjum hversu hratt fjölgar í hópi langtímaatvinnulausra þ.e. þeirra sem verið hafa án atvinnu í 6 mánuði eða lengur. Um þriðjungur atvinnulausra er nú í þessum hópi eða 4.800 manns og útlit fyrir verulega fjölgun á allra næstu mánuðum. Langtímaatvinnuleysi brýtur niður einstaklinginn og þeim mun lengur sem fólk er án atvinnu þeim mun erfiðara getur því reynst að vera virkt í atvinnuleitinni og að snúa aftur til starfa. Af þessum sökum eru virkar vinnumarkaðsaðgerðir til þess að styðja við og efla fólk aldrei mikilvægari en í langtímaatvinnuleysi.

Atvinnuleysi er mikið meðal ungs fólks og voru ríflega 3.700 manns á aldrinum 16-24 ára atvinnulausir í maí sem er um 23% af öllum á atvinnuleysissskrá. Fram kemur í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar að dregið hefur úr atvinnuþátttöku ungs fólks eins og gjarna gerist í niðursveiflum og á sama tíma eykst aðsókn í framhalds- og háskóla.

Spá okkar gerir ráð fyrir erfiðri stöðu á vinnumarkaði út allt spátímabilið. Við áætluðum að atvinnuleysi á þessu ári verði að meðaltali ríflega 9% og 10% á árinu 2010. Eftir það batni staðan smám saman og atvinnuleysi verði komið niður undir 7% undir lok tímabilsins.